

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra
vegna minnkunar frístundabyggðar í landi Reyðarvatns.

Skipulagsstofnun staðfesti 12. desember 2024 breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 sem samþykkt var í sveitarstjórn 13. nóvember 2024.

Í breytingunni felst minnkun frístundabyggðar F57 úr 70 ha í 55,6 ha. Landbúnaðarsvæði stækkar sem því nemur. Fjöldi ráðgerðra lóða á F57 fer úr 40 í 37.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 12. desember 2024.

F.h. forstjóra,

Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 27. desember 2024